



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. ágúst 2018

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr


Tilv. 2018080010

Frumvarpið var birt til umsagnar 24. ágúst sl. og veittur frestur til að senda inn umsögn til og með 2. september nk. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Með frumvarpinu er lögð til breyting á 6. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998 um að dýralæknar í opinberum störfum skuli hafa vald á íslenskri tungu. Lagt er til að það verði ekki skilyrðislaus krafa heldur kveðið á um það í reglugerð hvenær það sé nauðsynlegt í tilviki dýralækna í opinberum störfum. Bændasamtökin telja nauðsynlegt að dýralæknar í opinberum störfum hafi vald á íslenskri tungu, nema í þeim störfum þar sem ekki er bein þörf á.

Samtökin leggja einnig áherslu á að allir dýralæknar sem fá leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi skuli hafa kynnt sér íslensk lög og reglur er varða störf dýralækna og kunnátta þeirra á því sviði sé sannreynd af lögskipuðu ráði um dýralækningar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún V. Steingrimsdóttir